

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1736*  
*komudagur 16.4.2012*

16. apríl 2012

Atvinnuveganefnd Alþingis

*Kristján L. Möller formaður*

**Yfirlýsing frá stjórn Landssambands smábátæigenda 5.4.2012**  
**vegna frumvarpa fyrir Alþingi um stjórn fiskveiða og veiðigjald:**

Það var smábátæigendum fagnaðarefni að sjá þau fyrirheit sem gefin voru í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem tók við völdum 1. febrúar 2009. Þau fyrirheit gáfu til kynna að smábátaútgerðin yrði eflað og vöxtum og kostir hennar nýttir í þágu þjóðar í þrengingum.

Það frumvarp sem nú hefur litið dagsins ljós gengur gróflega gegn þessum fyrirheitum og hefur þau í flestu að engu.

Niðurstöður þess starfs sem Landssamband smábátæigenda (LS) tók þátt í og trúði lengi vel að myndi móta tilraun stjórnvalda til að nálgast sátt um nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar hefur hlotið sambærileg örlög.

Hvað sem hverjum kann að þykja um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar og hvað sem eftiráspekingar gerast djúpvitir í bölsýnisþvaðri, er með öllu óboðlegt, hvort það er sjávarútvegur eða annar atvinnuvegur, að þurfa að búa við þau ósköp að fyrirkomulag sem miklu hefur verið kostað til að aðlagast og samhæfa, sé hreinlega kastað eins og spilastokk í loft upp með þeirri fullyrðingu að spilin raðist mun skipulegar við lendingu en þau voru í hendi.

Sá þáttur sem mesta athygli hefur hlotið er eðlilega sú hrikalega hækkun á auðlindagjaldi sem boðuð er, ásamt aðferðafræðinni við útreikningana. Þó vissulega beri að fagna þeirri viðurkenningu sem fram kemur í frumvarpinu á lágmarkstilkostnaði, liggur jafn ljóst fyrir að margar ágætlega reknar smábátaútgerðir dagsins í dag munu ekki standa undir þessum klyfjum.

Þessi fullyrðing er ekki sett fram á þeirri forsendu að búmenn kunni að barma sér. Hún er sett fram vegna þess að hún er bláköld staðreynd sem hægt er að sýna fram á með sárameinföldum dæmum.

Ekki verður betur séð en að þær forsendur sem gefnar eru í útskýringum með frumvarpinu bendi til þess að margir smábátæigendur sitji á fúlgum fjár eftir góðærið 2010. Það væri sannarlega óskandi, en er að sjálfsögðu ekki raunin.

Sú ótrúlega hugmynd, að sátt um nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar sé innan seilingar sé þess eins gætt að halda þeim er starfa við atvinnuvegin frá borðinu, virðist hafa orðið ofaná við ákvörðun stjórnvalda um samskipti þeirra við hagsmunaaðila.

Sömu aðilar tala fjálglega um „jafnræði“ öllum til handa. Önnur eins þverstæða og lýðskrum í málflutningi á sér vart hliðstæðu.

LS skorar á stjórnvöld að setja frumvarpið í biðstöðu nú þegar og gera þeim kleift sem í greininni starfa að koma að málinu með eðlilegum og sanngjörnum hætti.

Smábátæigendur hafa ætíð lýst sig reiðubúna að leggja sitt af mörkum til að meiri friður geti ríkt um þennan undirstöðu atvinnuveg þjóðarinnar. Það boð stendur enn.

F.h. stjórnar Landssambands smábátæigenda

Arthur Bogason, formaður

892 2585